



Reglur um auglýsingu starfa og ráðningu starfsmanna hjá Fjarðabyggð

1. gr.

Starfsauglýsingar

Laus störf hjá Fjarðabyggð eru auglýst á heimasíðu bæjarins. Stjórnunarstörf og sérfræðistörf eru einnig auglýst í öðrum miðlum eftir því sem við á. Umsóknarfrestur skal vera hæfilegur og með þeim hætti sem eðlilegt telst hverju sinni, þó ekki skemmri en 2 vikur. Í auglýsingu komi fram lýsing starfs, starfshlutfall, ráðningartegund, vinnutími, kröfur til umsækjenda, umsóknarfrestur, kjarasamningur sem laun eru greidd eftir og hverjir veita upplýsingar um starfið. Í auglýsingu um starf hjá Fjarðabyggð skal koma fram hvatning þess efnis að konur jafnt sem karlar sækji um starfið.

2. gr.

Auglýsing lausra starfa

Í fjárhagsáætlun hvers árs er gerð grein fyrir heimiluðum fjölda stöðugilda hverju sinni. Þegar starf losnar skal fara fram mat á þörf starfsins, endurskipulagningu þess eða tengdra starfa. Liggi ekki til grundvallar nægar forsendur fyrir starfinu ber að leita hagræðingar innan hlutaðeigandi stofnunar eða skipuritsins í heild, starfið sameinað öðru, eða lagt niður.

Eigi má auglýsa nýja stöðu nema fyrir liggi heimild í fjárhagsáætlun ársins. Forstöðumenn stofnana geta sótt til bæjarráðs um auknar heimildir innan fjárhagsáætlunar ársins, að gefnum rökstuðningi sem sviðsstjóri viðkomandi sviðs samþykkir. Gera skal grein fyrir kostnaði í rökstuðningi fyrir aukinni heimild. Að jafnaði skal miðað við að umsóknir um fjölgun stöðugilda skuli afgreiddar í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Auglýsa ber laus störf sem eru yfir 20% starfshlutfalli og fastráðið er í, nema ákveðið hafi verið að færa starfsmenn til í starfi vegna starfspróunar eða hagræðingar. Auglýsa ber stöður með hliðsjón af jöfnun kynjahlutfalls með því að hvetja bæði kynin til að sækja um. Heimilt er að auglýsa tímabundnar afleysingastöður, með möguleika á framtíðarráðningu. Tímabundin sumarstörf ber að auglýsa.

3. gr.

Heimildir til ráðningar án auglýsingar

Ráða má án auglýsingar í tímabundið starf sem er tilkomið vegna leyfis til allt að 12 mánaða eða vegna veikinda til allt að 24 mánaða, sem og ef starfshlutfall er lægra en 20%.

Einnig má ráða í starf án auglýsingar ef um er að ræða tímabundið starf til allt að tólf mánaða án möguleika á framtíðarráðningu.

Þá er heimilt að ráða í starf án auglýsingar ef starfsmenn eru færðir til í starfi vegna skipulagsbreytingar, starfspróunar eða hagræðingar. Málefnalegar ástæður skulu liggja að baki ákvörðunum og ber að leggja til grundvallar skriflegan rökstuðning. Leita ber samþykkis viðkomandi sviðsstjóra vegna breytinga. Tilfærslur í stjórnendastöður skulu staðfestar af bærarstjóra. Tilfærslur í stöður sem heyra beint undir bærarstjóra, skulu staðfestar af bæjarráði.

4. gr.

Reglur um hlutleysi

Aðilar sem ákvarðanir taka um ráðningu skulu hafa að leiðarljósi að gæta persónulegs hlutleysis og forðast að láta skyldleika, venzl, vináttu, eða stjórnmálaskoðanir ráða ákvörðun sinni. Á sama hátt mega umsækjendur eigi gjalda þess sbr. lög 37/1993. Ef slíkar aðstæður koma upp á forstöðumaður að vísa ákvörðun ráðningar til næsta yfirvalds. Þetta gildir sérstaklega um þau tilvik þar sem einhver af umsækjendum um starf er skyldmenni forstöðumanns.



5. gr.

Meðferð umsóknar

Umsókn um starf er ávallt meðhöndluð sem trúnaðarmál milli sveitarfélagsins og viðkomandi umsækjenda þar til umsóknarfrestur um starfið er runninn út, en þá er skylt að gefa upp nöfn og starfsheiti umsækjenda, skv. 7. gr. laga nr. 140/2012, sé eftir því leitað.

6. gr.

Umfjöllun umsóknar og val á umsækjanda

Við umfjöllun umsókna ber að tryggja að viðkomandi uppfylli sem best kröfur sem gerðar eru til starfsins og ber þar að meta menntun, þekkingu, reynslu, hæfni o.fl. Leita skal umsagnar um umsækjendur, yfirfara meðmæli og taka viðtöl. Hafa skal sérstaklega í huga að umsækjendum sé ekki mismunað eftir kynferði, kynhneigð, stjórnmálaskoðunum, trúarbrögðum, þjóðerni eða öðrum þáttum sem fela í sér mismunun. Fatlaðir njóta forgangs til starfa skv. 32. gr. laga nr. 59/1992.

7. gr.

Ráðningar

Farið er eftir lögum og kjarasamningum við ráðningu starfsmanna Fjarðabyggðar. Allar ráðningar hjá Fjarðabyggð byggja á reglu um ráðningarferli. Í ráðningarferli ber að beita faglegu mati á hæfi umsækjanda sem hægt er að styðjast við vegna rökstuðnings fyrir ráðningu. Það sama gildir um beitingu heimilda skv. 3. grein þessara reglna. Um frágang skjala vegna ráðningar gilda reglur um skil launagagna.

8. gr.

Ráðningarheimildir

Kveðið er á um ráðningu starfsmanna sveitarfélagsins í 5. kafla samþykktar sveitarfélagsins. Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfslíðs sveitarfélagsins og stofnana þess og er hann ráðinn af bæjarstjórn sbr. 63. gr. Bæjarráð ræður starfsmenn í þær stöður sem heyra beint undir bæjarstjóra, samkvæmt skipuriti sveitarfélagsins, að fenginni tillögu bæjarstjóra. Sviðsstjórar og stjórnendur sveitarfélagsins ráða aðra starfsmenn eftir því sem skipurit segir til um. Bæjarstjóri staðfestir ráðningu næstu undirmanna sviðsstjóra. Forstöðumanni stofnunar ber að leita samráðs og upplýsa sviðsstjóra um ráðningu, nema á annan veg sé mælt í reglugerðum eða lögum.

Fjarðabyggð 19. júlí 2018



Gunnar Jónsson
bæjarritari

Samþykkt í bæjarráði 12. september 2016.

Samþykkt í bæjarstjórn 15. september 2016.

Samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar 16. júlí 2018, í kjölfar sameiningar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar.